

Ár 2006, þriðjudaginn 15. ágúst, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið af Halldóri Halldórssyni dómara í dómstól ÍSÍ.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 3/2006

Olil Amble

gegn

Gæðingadómarafélagi

Landssambands hestamanna.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

## DÓMUR

### I

Mál þetta er höfðað með ódagsettri kæru Olil Amble Álfatarima 16, Selfossi á hendur Gæðingadómarafélagi Landssambands hestamanna. Kæran var móttækin af skrifstofu ÍSÍ 16. júní sl.

#### Dómkröfur

Kærandi krefst þess, að viðurkennt verði með dómi að kæranda sé heimilt að starfa sem gæðingadómarari innan Landssambands hestamanna, (LH) sem félagi í Gæðingadómarafélagi LH. Þá krefst kærandi málskostnaðar úr hendi kærða og að við ákvörðun hans verði tekið tillit til virðisaukaskatts.

Kærði krefst sýknu af kröfum kæranda.

Halldór Halldórsson dómari í Dómstól Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands fékk mál þetta til afgreiðslu 28. júní sl.

Eftirtalin skjöl hafa verið lögð fram. Nr. 1 kæra. Nr. 2 bréf Ágúst Hafsteinssonar dags. 30. mars 2006. Nr. 3 Bréf Ágúst Hafsteinssonar dags. 4. apríl 2006. Nr. 4 bréf Landssambands hestamanna dags. 7. apríl 2006. Nr. 5 bréf lögmanns kæranda til kærða dags. 28. apríl 2006. Nr. 6. Bréf lögmanns kæranda til kærða dags. 15. maí 2006. Nr.7 bréf kærða til lögmanns kæranda dags. 31. maí 2006. Nr. 8 bréf ÍSÍ til kærða dags. 19. júní 2006. Nr. 9 bréf ÍSÍ til kæranda dags. 21. júní 2006. Nr. 10 greinargerð kærða til dómsins. dags. 21. júní 2006. Nr. 11. ljósrit ávísunar.

Dómari hafði samband við talsmenn aðila sem lýstu því yfir símleidis að þeir teldu ekki þörf á að málið yrði flutt munnlega.

## II

Kærandi lýsir málavöxtum á þann veg að hún sé starfandi hrossaræktandi, tamningamaður, félagi í Félagi tamningamanna og reiðkennari. Hún hafi um árabíl verið fullgildur gæðingadómari innan LH sem félagi í kærða bæði sem félags- og landsdómari. Þá hafi hún verið formaður kærða frá 1991 til 1995, setið í fræðslunefnd félagsins og annast menntun landsdómara. Kærandi segir að samkvæmt 5. gr. laga kærða séu félagsmenn allir starfandi dómara sem hafa hlotið samþykki stjórnar LH.

Kærandi kveðst ekki hafa sótt upprifjunarnámskeið í tvö ár samfelld, m.a. vegna þess að námskeið sem kærandi hugðist sækja og hafði skráð sig á var fellt niður á síðustu stundu þann 14. apríl 2005. Þá kveðst hún ekki hafa átt heimangengt á námskeið sem haldið var í Borgarnesi 16. sama mánaðar eða annað sem haldið var nokkru síðar. Kærandi kveðst alltaf hafa talið að um leið og hún hefði farið á upprifjunarnámskeið myndu dómaraéttindi hennar virkjast á ný og hún frá þeim tíma teljast meðlimur í kærða. Í samræmi við þetta hafi hún skráð sig á og sótt upprifjunarnámskeið sem haldið var þann 1. mars sl. Í upphafi þessa námskeiðs hafi formaður stjórnar kærða greint frá því að hann hygðist kanna hvort aðilar sem ekki hefðu sótt upprifjunarnámskeið í tvö ár væru fallnir úr félaginu.

Með bréfi kærða dagsettu 4. apríl sl. hefði kærandi verið upplýstur um að það væri túlkun stjórnar kærða að þeir sem ekki hefðu sótt upprifjunarnámskeið félagsins í tvö ár þyrftu að fara á dómaraéttindi. Í bréfinu kemur fram að stjórnin hefði komist að þessari niðurstöðu eftir að hafa leitað til lögfræðings og stjórnar LH. Í framhaldi af þessari ákvörðun fór lögmaður kæranda þess á leit við stjórn kærða að fallið yrði frá ákvörðuninni sem fram kemur í nefndu bréfi frá 4. apríl sl. Þess var óskað að fyrri ákvörðun stjórnar yrði endurskoðuð og þess krafist að kæranda yrði heimilað að starfa áfram sem gæðingadómari í kjölfar þess að hann sótti upprifjunarnámskeið hinn 1. mars sl. Hinn 15. apríl ítrekaði stjórn kærða fyrri ákvörðun sína bréflega.

## III

### Málsástæður og lagarök

Kærandi byggir á því að ekki sé unnt að fallast á túlkun stjórnar kærða á 5. gr. félagsins. Kærandi heldur því fram að túlka eigi greinina þannig að ef félagsmaður sæki ekki upprifjunarnámskeið í tvö ár samfelld glati hann rétti sínum til að dæma á hestamótum, þ.e. að starfa sem gæðingadómari. Telur kærandi að dómaraéttindi verði

þá óvirk en ekki ógild. Með því að sækja upprifjunarnámskeið verði réttindin virk á ný. Bendir kærandi á að í 5. gr. segi að hlutaðeigandi missi rétt sinn til að starfa sem gæðingadómarar en ekki sé nefnt að menn missi réttindin. Kærandi telur að túlkun hans á greininni sé eðlileg og rökrétt meðal annars í ljósi þess að um áunnin atvinnu- og eignarréttindi sé að ræða. Í þessu sambandi byggir kærandi jafnframt á því að ákvæði á borð við 5. gr. laga kærða sem geta eftir atvikum falið í sér skerðingu á atvinnu- og eignarréttindum verði að vera ótvíræð ef ekki eigi að túlka þau réttthafanum í hag. Í þessu sambandi bendir kærandi á dóm Hæstaréttar Íslands nr. 1532 frá árinu 1998.

Þessu til viðbótar vekur kærandi athygli á því að ekki verði betur séð en að stjórn kærða hafi sjálf túlkað þetta ákvæði á sama hátt og kærandi. Á vefsvæði félagsins segi t.d. „Aðalfundur félagsins verður haldinn 5. nóvember kl. 13.00. Fullgildir félagsmenn fá fundarboð í pósti...” Á öðrum stað segi: „Ert þú ennþá fullgildur meðlimur...” Vart sé hægt að skilja tilvitnuð ummæli á annan hátt en þann að kærði geri greinarmun á fullgildum félagsmönnum og öðrum. Með öðrum orðum að félagsmenn séu ýmist virkir þ.e. starfandi og fullgildir félagsmenn eða óvirkir og þar með ekki starfandi og þá um leið ekki fullgildir félagsmenn. Er þetta í samræmi við það sem kærandi hefur talið. Eðli máls samkvæmt væri að öðrum kosti til lítills að tala um fullgilda félagsmenn.

Þá er það mat kæranda að öll framkvæmd stjórnar kærða í málinu feli í sér brot á meðalhófsreglunni, þ.m.t. meðalhófsreglur stjórnskipunarréttar. Sé það mat stjórnar kærða að túlka beri 5. gr. laga félagsins með þeim hætti sem hún gerir þá hefði verið eðlilegt að teknu tilliti til óskýrleika ákvæðisins og þeirra réttinda sem í húfi eru að tekið hafi verið af skarið með slíkt og lögum breytt eða þá að tilkynna félagsmönnum um þetta sérstaklega. Að sama skapi hefði verið eðlilegt að slík breyting tæki ekki gildi fyrr en á næsta ári. Þá telur kærandi að svipaðar reglur hafi verið skýrðar á þann hátt sem hann gerir í öðrum félögum.

Kærði telur skýrt í lögum félagsins að ef félagsmaður sæki ekki upprifjunarnámskeið í tvö ár samfelld falli hann út sem dómari og þurfi að fara aftur á dómarnámskeið. Þá bendir kærði á að ekki sé sjálfgefið að þó félagsmaður sæki upprifjunarnámskeið haldi hann dómarréttindum sínum en það fari eftir frammistöðu á námskeiðinu. Kærði bendir á að kærandi hafi ekki sótt upprifjunarnámskeið í tvö ár samfelld en hann hafi sótt námskeið hinn 1. mars 2006. Áður en það námskeið hófst

hafi formaður kærða dreift eintaki af lögum félagsins og bent þátttakendum á að þeir sem ekki höfðu sótt upprifjunarnámskeið í tvö ár hafi misst réttindi sín eins og þeir hafi raunar vitað. Þetta hafi verið gert af tillitssemi þegar í ljós kom að kærandi sótti námskeiðið ásamt tveimur öðrum sem ekki höfðu sótt námskeið í tvö ár en ekki hafi verið vilji til þess að vísa þeim á dyr. Jafnframt hafi verið tilkynnt að kannað yrði hjá lögfróðum mönnum hvort unnt væri að túlka lög kærða á annan veg. Haft hafi verið samband við lögmann sem fallist hafa á túlkun kærða. Eftir þetta hafi kæranda verið endurgreitt námskeiðsgjaldið. Þá kom fram hjá kærða að engu af þremur auglýstum námskeiðum ársins 2005 hafi verið frestað eins og kærandi heldur fram. Kærði bendir einnig á að vel auglýst dómarnámskeið hafi verið haldið að Hólum 11. til 13. apríl.

Kærði telur að túlkun á lögum kærða hafi alltaf verið á þessa sömu lund og telur hann að kæranda hafi mátt vera þessi túlkun ljós þar sem hann hafi starfað í fræðslunefnd félagsins og þá hafi þessar sömu reglur verið í gildi. Þá bendir kærði á að á undanförunum árum hafi nokkrir félagsmenn misst dómarréttindi sín vegna þess að þeir hafi ekki sótt upprifjunarnámskeið.

#### IV

##### Niðurstaða

Fallast verður á með kæranda að rétt sé að taka mál þetta til efnislegrar úrlausnar þrátt fyrir að kærufrestur kunni að vera út runninn samkvæmt ákvæðum 24.1. í lögum ÍSÍ.

Mál þetta snýst eingöngu um túlkun á 5. gr. laga kærða sem er svohljóðandi: Félagsmenn eru allir starfandi dómara sem hlotið hafa samþykki stjórnar L.H. Félagsmenn sem ekki sækja upprifjunarnámskeið í tvö ár samfelld, missa sjálfkrafa réttindi sín til að starfa sem gæðingadómara. Félagsmenn skulu hlíta þeim lögum og reglum sem gilda um gæðingadómara hverju sinni.”

Ekki er um það deilt að kærandi sótti ekki upprifjunarnámskeið í tvö ár samfelld. Það er túlkun hans að hann eigi að fá réttindi sín sjálfkrafa aftur eftir að hann hafði sótt upprifjunarnámskeið en mat kærða er að kærandi verði að taka próf til að fá að dæma að nýju.

Eðli máls samkvæmt hlýtur tilgangur upprifjunarnámskeiða að vera sá að halda við kunnáttu starfandi dómara og samræma reglur og áherslur við dóma á gæðingum en ætla má að áherslur breytist nokkuð með tíð og tíma. Með nefndri 5. gr. eru sett tímamörk fyrir starfandi dómara að sækja upprifjunarnámskeið og mælt fyrir

um að ekki megi líða meira en tvö ár milli námskeiða. Af gögnum málsins má ráða að haldin eru nokkur upprifjunarnámskeið á ári hverju þannig að starfandi dómarar eiga á tveggja ára tímabili auðvelt með að sækja eitt slíkt námskeið. Ef fallist er á túlkun kæranda leiddi það til þess að dómari sem ekki hefur sótt upprifjunarnámskeið um árabil fengi rétt til að dæma með því einu að sækja eitt upprifjunarnámskeið. Slík túlkun er ótæk einkum þegar horft er til þess að þörf er talin á því að menn haldi við kunnáttu sinni með því að sækja upprifjunarnámskeið með reglulegu millibili. Með títtnefndri 5. gr. hafa verið sett ákveðin tímamörk eins og nauðsynlegt er og frá þeim verður ekki vikið. Kærandi sótti ekki námskeið innan tímamarkanna og glataði hann þar með dómarréttindum sínum og dugar honum ekki að sækja upprifjunarnámskeið til að virkja réttindi sín að nýju.

Kærandi hefur í málatilbúnaði sínum vísað til þess að stjórn kærða hafi gert greinarmun á fullgildum meðlimum og öðrum eins og að framan er rakið. Hér geta önnur atriði átt við svo sem að félagsmaður hafi ekki greitt árgjald á réttum tíma. Þá verður ekki á það fallist að stjórn félagsins geti með tilkynningum á heimasíðu félagsins breytt túlkun á lögum félagsins. Samkvæmt því sem að framan er rakið er kröfu kæranda hafnað.

Rétt þykir að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu en kærði hefur ekki krafist málskostnaðar úr hendi kæranda.

Halldór Halldórsson kveður upp dóm þennan. Dómsuppsaga hefur dregist vegna sumarleyfis dómarans.

## **DÓMSORÐ**

Kröfu kæranda, Olil Amble, er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Halldór Halldórsson .